

# LEIKSKÓLINN VINAGARÐUR

## STARFSÁÆTLUN 2024-2025

Ég elska að vera í leikskólanum - Mér finnst erfitt að perla íslenska fánann - Við megum segja hvað við viljum

Stundum þurfum við að hlaupa þegar það er rigning - Það má skipta, það þarf bara að spyrja og ganga frá

Ég er stundum þreytt að hlusta á bækurnar - Úti er skemmtilegast að klifra í trjánum og búa til hús í trjánum

Sumir dansa þegar kemur tónlist - Mér finnst notalegt að vera í hvíldinni - Ekki fallett að segja þú mátt ekki vera með


Má ekki stríða krökkunum, þá á að segja stopp, hættu - Má ekki moka sand út fyrir kassann, kannski i lagi að gera það óvart

Kennararnir hrósa okkur ef við förum í klippingu - Stundum þarf að bíða eftir að kennarinn hlusti því það eru margir að tala

Leikskólastjórinn talar við okkur börnin, passar reglurnar. Má fara þangað þegar einhver meiðir sig

Það þarf að kaupa húlahringi, barbídúkkur, bangsa, Harry Potter bækur og kubba, sippuband, gerviblóm, trampólín, hoppuprik, laga þakið, fá rólur, mála skólann, marglita steina, hjól, kaffi handa kennurunum

## Gildi og leiðarljós leikskólans Vinagarðs



Leikskólinn Vinagarður starfar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla og tekur mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar.

**Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar:** Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Greinargerð leikskólastjóra.....	3
Innra og ytra mat leikskólans á starfsárinu 2023-2024.....	5
Umbótaáætlun Vinagarðs 2024-2025.....	7
Innra mat Lambagarðs og Ungagarðs – deild fyrir börn 2-3 ára.....	9
Innra mat Grísagarðs – deild fyrir börn 3-4 ára.....	10
Innra mat Kópagarðs – deild fyrir börn 3-4 ára.....	11
Innra mat Uglugarðs – deild fyrir börn 4-5 ára.....	12
Innra mat sérkennslu.....	13
Innra mat – fjöltyngd börn.....	14
Umbótaáætlun sérkennslu og fjöltyngdra barna 2022-2023.....	14
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
Foreldrasamvinna.....	16
Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	17
Fylgiskjal 1 Umsögn stjórnar um starfsáætlun Vinagarðs 2024-2025.....	18

Starfsárið 2023-2024 var viðburðarríkt og skemmtilegt í leikskólanum Vinagarði. Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Kærleiksrik og uppbyggileg samskipti, hjálpsemi og virðing fyrir styrkleikum allra er þar lykilatriði.

Á miðju starfsári skiptu stjórnendur um stöðu og Hulda B. Jónasdóttir tók við sem leikskólastjóri og Hildur B. Svavarsdóttir varð aðstoðarleikskólastjóri. Skólanum var áfram stýrt í teymi og gengu breytingarnar vel. Starfsmannafélagið Eden var sem fyrr mjög öflugt og bauð starfsfólki upp á fjölbreytta dagskrá í hverjum mánuði allt starfsárið.


Frá hausti 2022 hefur staðið yfir heildstæð endurskoðun skólanámskrár skólans sem er nauðsynlegt til að styrkja faglega sýn og sérstöðu skólastarfsins. Skólanámskráin er nú tilbúin og verður innleidd í starfið næsta vetur ásamt tengdum áætlunum eins og læsisáætlun og handbók um stuðning í leikskólastarfinu. Öflugt innra matsteymi skólans hélt utan um innra matið sem við teljum mikilvægan lið í því að tryggja að mat á markmiðum og áherslum skólans sé markvisst og umbætur í skólastarfi byggi á niðurstöðum þess. Matsteymið skipa fulltrúar allra deilda og á starfsárinu tók fulltrúa foreldra í fyrsta sinn þátt í fundum matsteymisins. Börnin eru líka mikilvægur aðili að mati á leikskólastarfinu og komu að nokkrum liðum í matsáætlun starfsársins. Umbótaáætlun skólans fyrir komandi starfsár byggir því á traustum gögnum um starfið og markviss umbótaverkefni verða í gangi.

Fram til þessa hefur innra mat leikskólans byggt á gæðaviðmiðum um leikskólastarf sem gefin voru út af Reykjavíkurborg, fyrst árið 2015. Á næsta starfsári verður nýja skólanámskráin grunnur að umbótaáætlun og svo að matskerfi skólans þar sem hver kafli skólanámskrárinnar á sér umbótaverkefni. Þetta gerum við til þess að tryggja innleiðingu námskrárinnar og hún verði virkt leiðarljós í starfi leikskólans.

Eitt af matsverkefnum síðasta starfsárs var að skrá leik barna á útileiksvæðum skólans. Allt starfsfólk tók þátt í skráningunni og skiluðu sér um 30 skráningar. Samantekt skráninga leiddi í ljós mikilvægi útiveru í leikskólastarfinu, sjálfsprottinn leikur blómstraði, börnin voru glöð og nutu sín í fjölbreytilegum viðfangsefnum. Starfshópur innan leikskólans skilaði svo tillögum að úrbótum á útisvæðum sem vonandi komast í framkvæmd á næstu misserum.

Á hverju starfsári er unnið með þema sem hefur áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun eða tónlist. Þema starfsársins var loftið og var unnið með það á fjölbreyttan hátt allt frá frjálstri listsköpun yfir í rannsóknir og allt þar á milli.

Þar sem Vinagarður byggir á kristilegum grunni er kristleg fræðsla fléttuð inn í skólastarfið, börnin læra bænir og kristlega söngva, þau hlusta á og vinna með sögur úr Biblíunni til dæmis með endursögnum, leikgerðum og fjölbreyttri myndlist. Fyrir jólin skrifa elstu börnin eigið handrit að jólahelgileik sem þau setja upp og flytja fyrir önnur börn í leikskólanum, foreldra sína og svo alla aðstandendur á jólaballi foreldrafélagsins. Þetta er mikið verkefni sem felur í sér fjölbreytta færni.



Formleg menntun einstaklinga hefst í leikskóla, fyrsta stigi skólakerfisins. Þar á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi, börnum skal veitt umhyggja, hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðlað að öryggi þeirra og vellíðan. Gildi og sýn Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, um trú, von og kærleika eru góður grunnur fyrir leikskólastarf sem uppfyllir þær kröfur sem leikskólastigið gerir á framúrskarandi hátt. Við þökkum starfsfólki Vinagarðs fyrir að sinna þessu mikilvæga starfi af fagmennsku og áhuga og fyrir að skapa börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi. Við horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að þróa áfram leikskólastarfið í Vinagarði.

**Hulda Björg Jónasdóttir og Hildur B. Svavarsdóttir leikskólastjórar**

## Greinargerð um innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi, faglegt samstarf, stjórnun og daglegur rekstur</b>	Starfsmanna-samtöl, starfsmanna-könnun, könnun til foreldra, rýnihópar starfsfólks, mat matsteymis	Starfsfólk, foreldrar	<p><b>Styrkleikar:</b> Stefna og framtíðarsýn skólans er skýr og ný skólanámskrá unnin í samstarfi, starfsfólk og foreldrar þekkja stefnuna og telja hana sýnilega í starfi. Foreldrar telja leikskólastjórnendur leggja rækt við samskipti við börn og foreldra og þeir séu samstarfsaðilar. Starfsfólk upplifir faglega stjórnun, þróunarverkefni unnin og starfshættir endurskoðaðir. Verkaskipting leikskólastjórnenda er skýr, verklagsreglur um ráðningar skýrar, starfsmannasamtöl regluleg og nýtt til þróunar.</p> <p><b>Tækifæri til umbóta:</b> Innleiða nýja skólanámskrá með áherslu á gildi og starfshætti. Auka tíma fyrir faglegt samstarf allra, s.s. á deildarfundum, skoða verkaskiptingu á deildum, auka samstarf milli deilda og samstarf við grenndarsamfélag. Gera verklagsreglur um ágreinings- og eineltismál og fjarvistastefnu.</p>
<b>Uppeldi, menntun og starfshættir, námsaðstæður, lýðræði, þátttaka, jafnrétti, leikskóli án aðgreiningar</b>	Umræður deilda, gátlistar, viðtal við sérkennslustjóra, rýnihópar barna, rýnihópar starfsfólks, skráningar á útileiksvæði, foreldrakönnun	Starfsfólk, börn, foreldrar	<p><b>Styrkleikar:</b> Notaleg svæði á öllum deildum, efniviður og leikföng fjölbreytt og ýta undir rannsóknir og lausnaleit, skipulag útisvæðis og rúmur tími fyrir útiveru ýta undir sjálfsprottinn leik. Svigrúm í dag-skipulagi fyrir val og óskir barna. Starfsfólk sýnir umhyggju í samskiptum, virka hlustun og horfir til styrkleika barna. Starfsfólk styður við leik og val barna. Foreldrar upplifa traust, jákvæðni og gleði frá starfsfólki. Börn telja sig hafa frelsi til að velja viðfangsefni og það sé hlustað á þau, allir taka þátt í árlegu góðgerðarverkefni. Vel haldið utan um mál barna með sérstakan stuðning, góð samvinna vegna barnanna og verkferlar skýrir, samstarf við sérfræðinga vel nýtt</p> <p><b>Tækifæri til umbóta:</b> Betri aðstöðu á deildum fyrir leik í litlum hópum. Þróa verkefni barnanna meðan á þeim stendur og auka skilning barnanna á markmiðum, finna námsleiðir sem henta hverju og einu barni, auka yfirsýn svo hvert barn njóti sín. Innleiða Blæ og Lausnahringinn sem styrkir vináttu og lausn vandamála, börn meti starfið reglulega yfir árið, skoða inngildandi starfshætti á deildum, vinna áfram með jafnréttisáætlun skólans Upplýsa starfsfólk um sérþarfir allra barna, gera verkferla sýnilega starfsfólki og foreldrum, gera áætlun um mat á námi og velferð barna</p>
<b>Hlutverk leikskólakennara, fagmennska</b>	Starfsmannakönnun, rýnihópar starfsfólks, foreldrakönnun	Starfsfólk, foreldrar	<p><b>Styrkleikar:</b> Sterkur kjarni kennara, góð samvinna kennara á deildum, starfsfólk upplifir góðan stuðning í starfi. Starfsfólki finnst unnið eftir stefnunni í skólastarfinu, faglegur metnaður ríki, hlustað á skoðanir allra og jákvæðni í garð breytinga. Starfsfólki líður vel, er stolt af starfi sínu, finnst góður starfsandi í skólanum og skólastarf faglegt</p>

<b>starfsfólks og starfsánægja</b>			<b>Tækifæri til umbóta:</b> Auka samvinnu kennara. Virkja foreldra til meira samtals um leikskólastarfið og uppeldishlutverkið. Fleiri farvegi fyrir samstarf milli deilda, fleiri deildarfundir, innleiða skólanámskrá og þær uppeldishugmyndir sem þar eru, hvetja til símenntunar, styðja áfram við góðan starfsanda.
<b>Viðmót og menning velferð og líðan barna, þátttaka foreldra í leikskólastarfi</b>	Rýnihópar starfsfólks, könnun til foreldra, rýnihópar barna, skráningar starfsfólks, mat matsteymis	Starfsfólk	<b>Styrkleikar:</b> Foreldrar upplifa jákvætt og afslappað andrúmsloft, starfsfólk hafi trú á getu barnanna og hvað sé jákvætt í fari barns, samhentur starfsmannahópur og góður andi Foreldrar telja börnum líða vel í skólanum, starfsfólk upplifir að börnum líði vel, börn fái ígrundað hrós og séu glöð og áhugasöm. Börnin eru ánægð með leikskólastarfið, þar ríki valfrelsi og til sé allt sem þarf. Mikil jákvæðni foreldra í garð skólans, traust ríkir til hans og starfsfólks og ánægja með þau gildi sem skólinn vinnur eftir  <b>Tækifæri til umbóta:</b> Finna leiðir til að auka yfirsýn svo ekkert barn verði út undan, vinna með fullgildingarhugtakið og þátttöku allra. Auka samkennd í barnahópnum, áherslu á ferlið í skapandi verkefnum, samræma viðbrögð við krefjandi hegðun, börn taki þátt í að gera samskipta- og umgengnisreglur Samræma upplýsingamiðlun deilda, auka tækifæri foreldra til að fylgjast með leikskólastarfinu, gera nýja heimasíðu, efla samráð/miðlun frá stjórn skólans til foreldrahópsins
<b>Þematískt mat: Leikur barna á útisvæðum skólans</b>	Vettvangsathuganir, rýnihópar barna	Starfsfólk, börn	<b>Styrkleikar:</b> Útisvæði skólans eru stór og nægt rými fyrir fjölbreyttan leik. Börnin njóta sín og þróa leikinn með stuðningi starfsfólks ef þarf. Gott rými er fyrir útiveru í dagskipulagi og börnin fara út oft á dag. Gleði, hlátur, samvinna, bros, næði fyrir leik og seigla eru orð sem oftast komu fram í skráningum á leiknum úti.  <b>Tækifæri til umbóta:</b> Vinna að þeim umbótum á skipulagi lóðar sem starfshópur skilaði, s.s. opna milli lóðar og opins svæðis, gera hluta lóðar fjölbreyttari, endurnýja búnað.

### Greinargerð um ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ytra mat frá skóla- og frístundasviði	Skil á gögnum, spurningalisti, heimsókn í leikskólann	Stjórnendur	Gögn skólans, umhverfi og aðbúnaður metin í góðu lagi. Engar ábendingar komu fram um tækifæri til umbóta.

## UMBÓTAÁÆTLUN VINAGARÐS 2024-2025

Umbótapáttur	Umbótataækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Mat	Viðmið um árangur
<b>Stefna, gildi og hugmyndafræði</b>						
<b>Gildi skólans</b>	Auka skilning á gildum skólans	Þrjár þemamánuðir, einn f. hvert gildi	Stjórnendateymi	des. 24 - mars 25	Rýnihópar barna, starfsmannakönnun	Börn geti rætt gildi í rýnihópi, stm yfir eldra viðmiði
<b>Kenningarammi skólans</b>	Allt starfsfólk þekki uppeldisfræðilega stefnu	Fræðsla og umræða á skipulagsdögum	Stjórnendateymi	Allt árið	Hugarkort starfsfólks	Hugarkort gefin út og sýnileg
<b>Starfsaðferðir</b>						
<b>Lærdómssamfélag</b>	Fullgilding, inngildandi starfshættir og þátttaka allra	Skilgreina hugtökin, skoða markvisst virkni og félagslega stöðu	Stjórnendateymi	Allt árið	Matslistar um inngildandi skólastarf, rýnihópar	Gögn um stöðu barna á öllum deildum liggi fyrir, starfsfólk þekki hugtökin
<b>Vinátta og tengsl</b>	Sjálfsstjórn og leysa ágreiningsmál	Innleiða Blæ og Lausnaringinn	Stjórnendateymi	Allt árið	Rýnihópur innleiðingarteymis	Samskiptasáttmáli á deildum, verkefni innleidd
<b>Sjónarhorn barna</b>	Börn meti leikskólastarfið reglulega	4 matsvikur á ári	Matsteymi	Okt., jan., mars, maí	Að lágmarki 12 rýnihópar haldnir	Niðurstöður greindar og nýttar í innra mat skólans
<b>Sjálfsprottinn leikur, sjálfsmynd, sjálfstæði</b>	Styðja við námshvöt og áhuga barna, styrkja þróun leiksins	Deildir skoði tækifæri til þess að auka val og rými dagskipulaginu	Deildarstj.	Sept-des	Matslistar og umræða starfsfólks	Breytingar sjáist á dagskipulagi eða verkefnum
<b>Stuðningur við þroska</b>	Gera áætlun um mat á námi og velferð barna	Draga saman það sem gert er og bæta göt	Sérkennslustjóri	Allt árið	Fullgerð áætlun fyrir allan aldur	Áætlun útgefin og kynnt
<b>Virkt innra mat og skólaþróun/umbætur</b>	Kynna niðurstöður innra mats	Fréttamolar til starfsfólks og foreldra	Matsteymi	Allt árið	Útgefnir pistlar að lágmarki 4	Pistlar á samfélagsmiðli eða tölvupósti gefnir út
	Nýtt matskerfi f. skólann	Þróa mælikvarða	Matsteymi	Sept.-okt.	Matskerfi skilað	Matskerfi fari í notkun
<b>Velliðan og öryggi</b>	Auka yfirsýn um líðan allra barna á hverri deild	Skráningar um athygli og örvun	Deildarstj.	Allt árið	Rýnihópar starfsfólks	Skráningar sýnilegar, niðurstöður ræddar
<b>Grunnþættir menntunar</b>						
<b>Læsi og samskipti</b>	Læsisáætlun / Málstefna	Ljúka við læsisáætlun og framkv.áætlun	Stjórnendateymi	Sept-nóv	Efni útgefið	Framkvæmdaáætlun gerð og unnið eftir henni



<b>Sköpun og menning</b>	Auka skilning barna á markmiðum verkefna	Auka samtal við börn í ferlinu	Deildarstj.	Allt árið	Rýnihópar barna	Börn þekki þemavinnu ársins og föst verkefni
<b>Sjálfbærni og vísindi</b>	Fleiri útikennsluverkefni	Rýna eldri verkefni og þróa ný	Deildarstj. eldri	Allt árið	Nordplusverkefni	Vörður verkefnis á áætlun
<b>Heilbrigði og vellíðan</b>	Samræma viðbrögð við krefjandi hegðun, samræma skilning á reglum	Samskipta-hugarkort, börn geri samskipta- og umgengisreglur	Stjórnendateymi	Allt árið	Rýnihópar starfsfólks og barna, útgefið efni	Kort gefin út, reglur sýnilegar
<b>Lýðræði, mannréttindi, jafnrétti</b>	Heimamennning – auka hlutdeild allra í barnahópnum	Skilgreina verkefnið, setja fram hugmyndir um framkvæmd	Deildarstj.	Jan-maí	Verkefni sýnileg á deildum	Fyrir liggi skýr verkefni sem deildir geta hrint í framkvæmd
<b>Mannauður</b>						
<b>Rekstur skólans</b>	Verklagsr. ágreinings-og einelti, fjarvistastefna	Þróa í samráði við trúnaðarmenn	Skólastj.	Sept-nóv	Reglur útgefnar	Reglur útgefnar í handbók og kynntar starfsfólki
<b>Teymisvinna og traust</b>	Viðhalda góðum teyllum með fræðslu	Fræðsla og umræður á skipulagsdögum	Skólastj.	September Janúar	Fræðsla hafi átt sér stað, könnun	Starfsandi og samvinna falli ekki milli ára
<b>Lærdómssamfélag</b>	Skapa tíma fyrir umræður og deila þekkingu um nám og framfarir barna	Fleiri deildarfundir, fagfundir um kjarnastarfsemi	Skólastj.	Allt árið	Skráning deildarfunda og fagfunda	Að deildarfundir hafi ekki verið færri en 6 og fagfundir 2
	Auka hvatningu til námskeiðasóknar	Gera yfirlit um námskeið og birta	Skólastj.	September janúar	Skráning á námskeið	Að sókn í námskeið utan skólans aukist milli ára
<b>Faglegt samstarf/ leiðsögn</b>	Fleiri skráningar um einstök börn, litla hópa	Fræðsla um uppeldis-fræðilegar skráningar	Skólastj.	október	Fræðsla haldin	Fleiri skráningum skilað miðað við síðasta ár
	Auka samvinnu deilda	Kortleggja tækifæri	Deildarstj.	September	Áætlun liggi fyrir	3-4 verkefni yfir árið
<b>Samstarfsaðilar leikskólans</b>						
<b>Fjölskyldan</b>	Samstarf leikskóla og foreldra	Verkefni MHÍ um stuðning við uppeldi	Stjórnendateymi	Janúar	Námskeið sótt í janúar	Námskeiði lokið og áætlun um framhald liggi fyrir
	Heimasíða leikskólans	Endurútgefa síðu	Skólastj.	Ág-Nóv	Viðmótsprófanir	Ný síða birt
	Samræma upplýsingamiðlun, miðlun frá stjórn	Gefa út viðmið um upplýsingar	Stjórnendateymi	September	Viðmið birt	Ánægja foreldra með upplýsingagjöf aukist
<b>Grenndarsamfélag</b>	Markvissara grenndarsamstarf	Koma á reglulegu samstarfi	Deildarstj.	Allt árið	Deildarstjórar skili inn áætlun	Allar deildir hafi a.m.k. eitt reglulegt verkefni.

## INNRA MAT LAMBAGARÐS OG UNGAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 2-3 ÁRA

**Umbótaverkefni liðins starfsárs** Umbótaverkefni liðins starfsár snéru fyrst og fremst að innleiðingu nýrrar móttökuáætlunar sem felur m.a. í sér að bjóða foreldrum nýrra barna upp á viðtal utan aðlögunartíma. Einnig var ætlunin að bæta skipulag og framkvæmd kristilegra stunda á deildinni. Þriðji umbótaþátturinn snéri að því að innleiða ærslastundir og skapa rými og útvega efnivið fyrir ærslaleik. Nýir foreldrar voru boðaðir í foreldrasamtöl skömmu áður en aðlögun hófst, foreldrar allra nýrra barna mættu í samtölin og lýstu margir ánægju sinni yfir því að fá tækifæri til að eiga slíkt samtal í næði. Vel tókst til við að vinna kennsluáætlanir fyrir kristilegar stundir, unnið var eftir þeim vikulega og notast var við fjölbreytt námsgögn. Börnin fengu að taka meiri þátt en áður og í lok stundanna bauðst þeim að leika sér með leikbrúður og annað sem notast var við í kennslunni. Efnisveitur voru þó ekki nýttar að ráði. Innleiðing ærslastunda gekk vel, börnin fengu að lágmarki tvisvar í viku tækifæri til að ærslast um á dýnum og stórum púðum. Einnig voru mjúkdýr í boði til að ærslast með og klifurgrind fyrir þá sem vildu klifra. Ærslastund var einn vinsælasti dagskrárliður vikunnar hjá flestum börnunum á deildinni. Hópaskipting í samverustundum og öðru skipulögðu starfi gekk vel og fannst okkur við geta komið betur til móts við hvert og eitt barn og gátum veitt því meiri athygli en ef allur hópurinn væri allur saman í einu. Hópaskiptingin var hugsuð til þess að styðja við sálrænt öryggi barnanna fyrstu mánuðina á nýrri deild.

**Umbótaverkefni komandi starfsárs** snúa að umbótum á skipulagi tónlistarstunda og innleiðingu á svo kölluðum ærslastundum. Vikulega er boðið upp á tónlistarstundir og hafa þær gengið ágætlega. Hins vegar er ljóst að þar má finna ýmis tækifæri til umbóta. Hægt er að vinna kennsluáætlanir á markvissari og fjölbreyttari hátt og nýta námsgögn og efnisveitur betur. Ærslaleikur ýtir undir samskipti barna og leik og í ærslastundum fá börn tækifæri til að ærslast og þróa samleik sinn og ætlum við að leggja enn meiri áherslu á þær.

Umbótaþáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig metið	Viðmið um árangur
<b>Sjálfsprottinn leikur, sjálfstæði</b>	Sjónrænt skipulag og styðja börn í vali á leikefni	Flokka leikefni og merkja með myndum, sjónrænt dagskipulag	Deildarstjóri	Sept- nóv	Að flokkar og myndir séu til staðar á efni og daglegum verkefnum	Börnin geti markvisst gengið að því efni sem þau vilja og öruggari í daglegum verkefnum.
<b>Sköpun og menning</b>	Bæta skipulag og undirbúning fyrir tónlistarstundir	Kennsluáætlun fyrir hverja stund. Auka fjölbreytni og kveikja áhuga	Deildarstjóri	Haustönn	Að kennsluáætlun liggi fyrir fyrir hvern tónlistartíma. Sjálfsmat starfsfólks.	Að vikulega hafi verið unnið eftir kennsluáætlun. Meirihluti stunda uppfylli viðmið.
<b>Heilbrigði og vellíðan</b>	Innleiða ærslastundir	Skapa rými fyrir ærslaleik og útvega efnivið	Deildarstjóri	Allt árið	Hvort ærslastundir séu í dagskipulaginu, efniviður til staðar.	Að þær hafi farið fram aðra hverja viku.

## INNRA MAT GRÍSAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 3-4 ÁRA

**Umbótaverkefni liðins starfsárs** sneru að auknu sjónrænu skipulagi, aukin fjölbreytni í kristilegri fræðslu og haldið var áfram með næðissvæði. Hengdar voru upp myndir með dagsskipulagi og myndir frammi á gangi með þeim fatnaði sem ætlað var að nota á viðkomandi degi. Til stóð að auka fjölbreytni í kristilegri fræðslu, sem tókst ekki nema að litlu leiti og því verður það áfram umbótaþáttur á næsta kennslu ári. Endurbætur bókakost gekk og skoðun og skráningu sáum við að börnin una sér lengur á svæðinu og sækjast í að setjast þar. Ekki fékkst fjármagn til þess að kaupa hillur og því flyst það yfir á næsta starfsár.

**Umbótaverkefni komandi starfsárs** Haldið verður áfram með að auka fjölbreytileika í kristilegum stundum. Bæta þarf aðgengi barna að leikefni. Hirslur fyrir leikefnið eru of litlar og ekki allar aðgengilegar fyrir börnin. Kassar undir leikefnið eru ekki hentugir og ekki auðvelt fyrir börnin að sjá hvað er í kössunum. Samhliða því þarf að fá hirslu undir bókakostinn.

Umbótaþáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Sjálfsprottinn leikur, sjálfstæði	Bæta aðgengi barnanna að leikefni.	Kaupa betri hirslur og kassa undir leikefnið, þannig að börnin geti sjálf náð í leikefnið og sjá sjálf hvað er hvar.	Deildarstjóri og stjórnendur skólans	Sept. til apríl	Með skráningu. Með viðtölum við börnin, myndum og skráningu.	Að breytingin verði til þess að auðvelda börnum að ná í leikefnið.
Gildi skólans	Kristileg fræðsla	Auka fjölbreytni í fræðslunni.	Deildarstjóri	Okt. til mars	Skráð verður niður fyrir hverja viku hvað er verið að vinna með.	Skráningin verður notuð sem viðmið um árangur.

## INNRA MAT KÓPAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 3-4 ÁRA

**Umbótaverkefni liðins starfsárs** var að bæta leikrými og skoða leikefni. Keypt var nýtt leikefni bæði inn í hlutverkakrók og inn á deild. Búið var að grísa frá annað leikefni sem var úr sér gengið og vel notað. Við náðum í opinn efnivið svo sem köngla, korktappa, litla steina, trédót o.fl. Við þetta breyttist aðeins byggingaleikurinn og verðlausi efniviðurinn fékk að fljóta með og úr því varð meiri fjölbreytileiki. Í vor breyttum við aftur skipulagi deildarinnar og opnast deildin betur og virkar stærri. Einnig færðum við leikefni aðeins til, til að gefa því meira rými.

**Umbótaverkefni komandi starfsárs** Leikefni þarf að skoða betur og bæta með opnara leikefni í huga. Aðgengi barnanna að leikefninu þarf að bæta og eru hirslur fyrir dót alltof lítil og ekki nógu sýnileg börnunum einnig mundum við vilja merkja betur leikefnið til að auðvelda tiltekt og að hver hlutur á sinn stað. Við viljum að leikurinn sé í aðalhlutverki og að hann auðgist og þróist.

Til að meta starfið voru einnig lagðar spurningar fyrir börnin. Við tókum eina spurningu út til að skoða betur og var það spurningin „Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum“ Svörin voru mörg en það sem stóð upp úr og flestir völdu var að leika með vinum sínum og vera í hlutverkakrók einnig að lita og púsla Þessi svör komu okkur ekki mikið á óvart og hafa þau verið sérlega áhugasöm að teikna og hafa líka orðið mjög miklar framfarir í teikningum barnanna í vetur einnig hefur hlutverkaleikurinn blómstrað hjá þeim þar sem við bættum nýju leikefni þar inn.

Umbótaþáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tíma bil	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Sjálfsprottinn leikur, sjálfstæði	Að börnin geti náð sjálf í það leikefni sem þau vilja og það sé sýnilegt. Halda áfram að auðga leikinn.	Bæta við leikefnið sem keypt var í vetur þannig að fleiri börn geti leikið. Kaupa betri hirslur með glærum kössum og merkja.	Deildarstjóri og stjórnendur	Allt árið	Taka myndir og gera skráningar af leiksvæðinu, nýtingu þess. Ræða við börnin.	Að breytingarnir verði til þess að þau geti bjargað sér sjálf um leikefni og sjái hvað er í boði og einnig að leikurinn þróist og fái að blómstra.

## INNRA MAT UGLUGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 4-5 ÁRA

**Umbótaverkefni liðins starfsárs** Umbótaverkefni liðins starfsárs var að bæta aðstöðu og skoða leikefni í hlutverkakrók. Í stað hlutverkakróks kom byggingaleikur með einingakubbum. Til að auðga leikinn voru börnin með playmó, bíla, dýr og fl. leikföng ásamt öðrum trékubbum. Á þessu svæði gátu börnin geymt það sem þau byggðu til næsta dags. Það var magnað að sjá hvað kubbaleikurinn þróaðist mikið og færnin smitaðist í aðra byggingaleiki t.d. segulkubba. Við sáum mikil og skemmtileg samskipti meðal barnana. Einnig var ákveðið að bæta bókasafnið á deildinni og skipuleggja það. Starfsmaður kom með þá tillögu að breyta uppröðun á bókunum. Hafa þær bækur sem börnin mega skoða láréttar og bækur sem starfsfólkið les lóðréttar. Með þessu var sýnilegra fyrir börnunum hvaða bækur væru í boði fyrir þau. Einnig áttu börnin auðveldara með að ganga frá bókunum með nýju skipulagi.

**Umbótaverkefni komandi starfsárs** eru að fá opinn efnivið í hlutverkakrók með það að markmiði að gera leikinn meira skapandi og fjölbreyttari. Einnig er brýn nauðsyn á að bæta bókasafn, bæði til að lesa fyrir þau og fyrir þau að skoða. Aðgengilegri hirslur og betra skipulag.

Til að meta leikinn voru lagðar spurningar fyrir börnin, hér eru dæmi um það sem kom fram:

Að nýta annað efni með einingakubbum:	Að geta geymt byggingar til næsta dags:
Skemmtilegast að byggja rennibraut sem allir geta farið í Gaman að byggja og nota litlu trékubbana með Gaman að leika með kubba og dýrin	Þá getum við leikið aftur það sem við vorum með Það er gaman að geta leikið með það aftur Gaman að geyma og líka geyma segulkubbana

Umbótapáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Sjálfsprottinn leikur, sjálfstæði	Börnin hafi betri yfirsýn yfir efnivið deildarinnar	Endurnýja og merkja kassa fyrir efnivið	Deildarstjóri	Haustönn	Taka myndir af hirslum fyrir og eftir.	Að breytingarnir geri börnin meðvitaðri um leikefni sem er í boði. Stuðla að fjölbreyttara vali.
Heilbrigði og vellíðan	Leikfimi og slökun	Þjóða upp á leikfimi og slökun 2x í viku.	Kennarar	Allt árið	Rýnihópur barna	Börnunum líði betur og hlakki til tímana
Sköpun og menning	Þjóða upp á búninga í hlutverkaleik 3x á önn.	Hafa búningakassa þar sem börnin geta valið sér búninga.	Deildarstjórar	Allt árið	Rýnihópur barna	Börn upplifi skemmtilega tilbreytingu í hlutverkaleiknum

### Mat á sérkennslu 2023-2024

Á liðnu starfsári fengu 6 börn stuðning í 2.flokki og var tveimur síðan vísað til Ráðgjafar- og greiningarstöðvar. Alls fengu 26 börn íhlutun og þar af 18 eftirfylgd og/eða ráðgjöf frá Norðurmiðstöð. Sérkennslustjóri hélt utan um litla málörvunarhópa þar sem unnið var með hlustun, framburð, hljóðgreiningu, orðaforða og skilning. Stuðningur var ráðinn fyrir 3 börn inni á deildum í vetur. Sérkennslustjóri hélt utan um skýrslugerðir vegna skólaskila og boðaði til skilafunda með grunnskólum og frístundarheimilum til að mikilvægar upplýsingar kæmst á milli skólastiga. Í vetur starfaði lausnateymi skipað öllum deildarstjórum, sérkennslustjóra og sérfræðingum á Norðurmiðstöð. Hittist teymið 4 sinnum í vetur. Sérkennslustjóri hefur gert einstaklingsáætlanir út frá AEPS-listum og setið teymisfundi. Í vetur hefur starfshópur haldið áfram að vinna að læsisáætlun fyrir leikskólann og farið yfir þann texta sem búið var að safna saman. Sú vinna er nokkuð langt á veg komin og er ætlunin að gefa út áætlunina í sumar. Sérkennslustjóri vann að því að samræma sjónrænt skipulag á deildum fyrir dagskipulag, myndir í fataklefa og til stuðnings. Starfshópur um móttökuáætlun lauk sinni vinnu og er ný og endurbætt móttökuáætlun tilbúin og var tekin í notkun í júní. Hún verður síðan sett upp sem hluti af *Handbók um stuðning*.

**Skipulagning sérkennslu 2023-2024** Sérkennslustjóri sá um að leggja Efi-2 fyrir öll börn á fjórða aldursári. Í vetur bauð Norðurmiðstöð upp á meiri samvinnu og eftirfylgni varðandi Efi- 2 og Hljóm-2. Talmeinafræðingur fundaði með sérkennslustjóra og deildarstjóra á elstu deild til að meta stöðuna og koma með ráðleggingar til að vinna með þeim börnum sem komu slök út úr skimununum. Við skráningar var notaður AEPS-listinn, orðaforðalisti Menntamálastofnunar hafður til hliðsjónar og auk þess listar úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvouna tveggja- til þriggja ára barna* og efni úr málörvunarefninu *Tölum saman*.

**Hvaða matsgögn voru notuð?** TRAS er lagt fyrir öll börn á leikskólanum, EFI-2 fyrir öll börn á fjórða aldursári og Hljóm-2 fyrir þau elstu. AEPS-listinn og einstaklingsáætlun unnin út frá því og *Orðaskil*.

**Hvaða námsefni var notað?** Dæmi um námsefni sem notað var : *Lubbi finnur málbein*, efni úr *Lærum og leikum með hljóðin*, *Tölum saman*, *Ljáðu mér eyra*, efnið *Orðaleikur*, *orðanáms í leikskóla*, *Orðagull*, ýmis spil, bækur og heimagert efni. Einnig voru ný námsgögn keypt eins og spil og málörvunarstokkar.

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024

Fjórtán börn voru fjöltyngd eða með annað móðurmál en íslensku og fengu átta þeirra sérstaka málörvun með áherslu á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu. Kennslan fór fram aðallega í litlum hópum og í sumum tilvikum í einstaklingsvinnu. Við skráningu var orðaforðalisti MMS hafður til hliðsjónar auk lista úr bókinni *Snemmtæk íhlutun* í málörvun tveggja til þriggja ára barna og skráningarblöð sem tilheyra málörvunarefninu *Tölum saman*. Túlkaþjónusta er ávallt í boði fyrir foreldra sem geta ekki tjáð sig á íslensku og leikskólinn útvegar viðeigandi námsgögn fyrir þennan hóp barna. Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla eru notaðir fyrir börn sem hafa enga íslensku heima. Hæfnirammarnir hjálpa okkur að halda betur utan um fjöltyngdu börnin og fylgjast með framförum þeirra í íslensku. Í tengslum við móttökuáætlun fyrir börn sem byrja í leikskólanum var útbúið móttökusamtalsblað til að nota við upphaf leikskólagöngu. Sérkennslustjóri er tengiliður fjölmennningar í skólanum og tengiliður farsældar og setið fundi og námskeið tengd því.

**Sem dæmi um daglega vinnu með orðaforða** er starfsfólk hvatt til að leggja orð á athafnir og tala sérstaklega við barnið daglega (Gefðu 10 reglan). Málörvun er í gegnum *Lubbi finnur málbein* sem notað er á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og alltaf byggt ofan á eftir aldri barna.

**Lesið er sérstaklega með barni sem er fjöltyngt** eins og tók eru á og orðaforði þannig dýpkaður. Einnig eru hljómfall, leikræn tjáning og myndir notaðar. Málörvunarhópar eru stöðugt í gangi þar sem unnið er sérstaklega með orðaforða, skilning, hlustun og tjáningu.

**Til að meta framfarir barnanna** er stuðst við *orðaskil* og *orðaforða* Menntamálastofnunar, *TRAS*, *Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla* og *Einn leikskóli, mörg tungumál*.

**Aðaláherslan hefur verið á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu** en reynt er að huga að öllum þáttum máls. Börnin eru hvött til þátttöku í samverustundum og leik með hinum börnunum og studd til þess.

### UMBÓTAÁÆTLUN SÉRKENNSLU OG FJÖLTYNGDRA BARNA 2022-2023

Umbótapáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Læsi og samskipti	Innleiða læsisáætlun og framkv.áætlun	Setja fram framkvæmdaáætlun	Stjórnenda - teymi	Sept. - mars	Stjórnenda-teymi metur	Unnið sé eftir læsisáætlun og framkvæmdaáætlun liggja fyrir
Stuðningur við þroska	Innleiða nýja verkferla varðandi lausnateymi	Kynna nýtt eyðublað og verkferla fyrir stjórnendateymi	Sérkennslu -stjóri	Sept. til okt.	Allir noti nýja verkferla	Unnið eftir nýjum verkferlum, upplýsi foreldra og starfsfólk á deildum um ákvarðanir

## STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

---

Starfsþróunarsamtöl voru haldin í apríl 2024. Samtölin snérust um samskipti á deildum, samskipti milli deilda og samskipti við stjórnendur. Einnig var rætt um hugmyndir um fræðslu og áhuga starfsfólks á námskeiðum. Eftir starfsmannasamtölin var unnin símenntunaráætlun og verða eftirfarandi áherslur í fræðslu í leikskólanum næsta vetur sem tengjast óskum starfsfólks, stefnu skólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

### Á skipulagsdögum:

- Innleiðing læsisáætlunar
- Um ofvirkni og athyglisbrest
- Fræðsla um uppeldisfræðilegar skráningar
- Innleiðing nýrrar skólanámskrár
- Leikskólaheimsókn innanlands
- Fræðsla um samskipti á vinnustað

Fjórir starfsmenn eru skráðir í fagnám næsta vetur; leikskólakennaranám, þroskaþjálfanám og grunnskólakennaranám.

## SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

---

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu Farsæl skil leik- og grunnskóla ásamt Langholtsskóla, Brákarborg, Langholti og Sunnuási. Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Eitt af markmiðum samstarfsins er að börnin í hverfinu fái að kynna áður en grunnskólagangan hefst og einnig að þau fái að kynna Langholtsskóla. Samstarf við leikskóla og grunnskóla hverfisins er sett niður á fundi í ágúst þar sem deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar grunnskólans tímasetja viðburði. Fastir liðir eru að elstu nemendur leikskólanna og nemendur í fyrsta bekk hittast á degi íslenskrar tungu í Langholtsskóla og syngja saman og fyrir hvert annað. Sami hópur hittist í desember til að leika sér á leiksvæði í Laugardal og fær sér kakó og piparkökur. Á vordögum fara þau börn sem fara í Langholtsskóla í haust í heimsókn í 1. bekk. Þar fá þau að kynna skólafunni og vinna ýmis verkefni. Einnig er venjan að leikskólarnir í hverfinu og Langholtsskóla hittist á leikjadedgi á vordögum. Einnig er alltaf leitast við að kynna frístundaheimilinu í hverfinu.



## FORELDRASAMVINNA

---

Í Vinagarði er starfandi stjórn leikskólans sem einnig ber ábyrgð á rekstri skólans. Í mars er kosið í stjórnina á aðalfundi. Í henni sitja fimm einstaklingar þar sem stjórn KFUM og KFUK skipar einn fulltrúa og foreldrafélag leikskólans annan. Aðrir stjórnarmenn eru félagar í KFUM og KFUK. Stjórnarmenn eru yfirleitt alltaf einnig foreldrar í leikskólanum. Stjórnin hittist mánaðarlega á fundi þar sem farið er yfir starfið í leikskólanum, rekstur og ýmis verkefni. Stjórn leikskólans er jafngild foreldraráði samkvæmt lögum um leikskóla.

Foreldrafundir eru haldnir að hausti þar sem farið er yfir vetrarstarfið og önnur mál rædd. Á vorin er nýjum foreldrum boðið til kynningarfundar, oftast í byrjun júní. Þá er stefna skólans og ýmis hagnýt atriði kynnt, starfsfólk deilda kynnt og fyrirkomulag á aðlögun. Foreldrar fá einnig að ganga um skólann og spyrja spurninga.

Foreldrasamtöl eru árlega í febrúar og mars. Þar er farið yfir nám og þroska barnsins, líðan og aðra hluti sem deildarstjóri/kennari telur mikilvægt að ræða auk þess sem foreldrar koma með sín málefni. Ef þroskamat eða skimun hefur farið fram er einnig farið yfir þær niðurstöður og hvernig unnið skal með þær.

Foreldrafélag er starfandi og eru allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu. Félagið skipuleggur ýmsa viðburði eins og haustferð í Vatnaskóg, jólasveinaheimsóknir, jólaball og vorhátíð. Einnig gefur foreldrafélagið öllum börnum bók í jólagjöf og stundum litlar gjafir til starfsfólks.

# SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: **Vinagarður**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S <b>Jólaball Vinagarðs</b>	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Sjómanna dagurinn
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F Frídagur verslunarmanna	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M Óskudagur	5 L	5 M	5 F
6 Þ <b>Leikskóli opnar á hádegi</b>	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M brettandinn	6 F	6 F Dagur leikskólans	6 S	6 Þ	6 F
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F Dagur tónlistarskólans	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S	8 Þ <b>Dagur læsis</b>	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasunnudagur
9 F	9 M <b>Skipulagsdagur</b>	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunnu
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L <b>Opið hús - Vorhátíð</b>	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ Dagur íslenska táknaðsins	11 F	11 S <b>Gulur dagur</b>	11 M
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 S Þámasunnudagur	13 Þ
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ <b>Starfsmannafundur</b>	15 F <b>AFMÆLI LEIKSKÓLANS</b>	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M <b>Dagur íslenskrar náttúru</b>	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M <b>Þjóðhátíð Vinagarðs</b>
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ <b>AFMÆLI LEIKSKÓLANS</b>	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ <b>Lýðveldisdagurinn</b>
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ <b>Starfsmannafundur</b>	18 F	18 F Föstudagurinn langi	18 S
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 F	20 M	20 F	20 S	20 S Þáskadagur	20 Þ
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M Annar í Þáskum	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 M <b>Skipulagsdagur</b>	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F <b>Aðfangadagur jóla</b>	24 F	24 M	24 F	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L <b>Jóladagur</b>	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 S	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 F	27 M	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M		29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 M <b>Skipulagsdagur</b>	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L		31 F		31 Þ	31 F <b>Gamlársdagur</b>	31 F	31 M		31 L	

## Stjórn leikskólans skipa:

Bára Sigurjónsdóttir, formaður  
Berglind Ósk Einarsdóttir,  
Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir  
Guðný Helga Lárusdóttir  
Hilmar Einarsson, ritari  
Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri  
Sara Sigurðardóttir

## Umsögn stjórnar:

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK, stendur fyrir metnaðarfullu starfi drifið áfram af faglegum hópi starfsfólks og stjórnenda. Velferð barna er höfð að leiðarljósi í Vinagarði þar sem notalegt andrúmsloft, kærleikur og gleði er einkennandi. Vinagarður býr yfir sterkum kjarna kennara sem með góðri samvinnu býður upp á nám og umhverfi sem er börnum bæði hollt og hvetjandi.

Leikskólastjórar stjórna daglegum rekstri af fagmennsku og framúrskarandi hátt. Horft er fram á veginn og stefnuvinna stöðug þar sem leikskólastarfið er þróað áfram á markvissan og skipulegan hátt.

Starfsáætlun Vinagarðs 2024-2025 er byggð á vel ígrunduðu og unnu mati. Matið fór fram síðasta starfsár, hvort tveggja fyrir leikskólann í heild og einnig innan hvernar deildar þar sem var helst litið til námsumhverfis, leikefnis og líðan barna. Matið er umbótamiðað og leggur faglegan grundvöll að endurbótum í starfi Vinagarðs. Niðurstöður matsins eru nýttar til raunhæfra, tímasettra og árangursmiðaðra umbótaþátta fyrir næsta skólaár. Starfsáætlun Vinagarðs er innan ramma skólanámskrár leikskólans og helst í hendur við menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.